



Á sýningu sinni Hvergilandi fangar Katrín Elvarsdóttir í raun tímalausa stund, þegar allt verður að engu.

Þegar allt verður að engu

MYNDLIST

Katrín Elvarsdóttir

★★★★☆

D-salur, Hafnarhús Listasafns Reykjavíkur

Opið alla daga frá kl. 10-17, fimmtudaga til 22. Sýningu lýkur 11. apríl. Aðgangur ókeypis.

I D-sal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur sýnir Katrín Elvarsdóttir ljósmyndir undir yfirheitinu Hvergilandi. Þar fer þó lítið fyrir fljúgandi krökkum eða úrillum sjóræningjum því Hvergilandi Katrínar miðast við ævintýrlega stemningu fremur en ævintýrlega frásögn. Eitt-hvað hefur jú gerst og eitthvað mun aftur gerast, en akkúrat á þessu augnabliki sem ljósmyndin fangar er ekkert að gerast.

Katrín ræðst fyrst og fremst í að fanga dulrænt andrúmsloft og hefur gert það allavega síðan ég sá fyrst sýningu frá henni í Gallerí Skugga, Mórar/Nærvídd, fyrir 8 árum. Hún hefur ofurnæmt auga fyrir dramatísku augnabliki óvissunnar og því kann heilmikið að hrærast innra með manni þótt, eins og ég segi, myndirnar skrásetji augnablik þar sem ekkert gerist. Maður skal jú aldrei vanmeta það hvernig ímyndunarafl manns bregst við því sem ósýnilegt er. Jafnvel gömul hjólhýsi fá á sig dulrænt yfirbragð, innantóm og yfirgefin, eins og

eftir hljóðlátan dómssdag. Eru þau kannski þetta „Hvergilandi“ sem vísað er til í titlinum eða er það náttúran í kringum þau? Þessi föllnu furutré umkringd þéttri þoku eða reyk.

Katrín fangar í raun tímalausa stund, þegar allt verður að engu og maður drepur á sínu eigin „Hvergilandi“. Smekklegr og látlaus framsetning, sem treður engu upp á mann, hjálpar líka til.

Sýningarröð D-salar hlaut Menningarverðlaun DV nú á dögum vegna framlagsins til myndlistar. Sýning Katrínar er í fínu framhaldi af því sem á undan er gengið nema hvað ég staldra við eina spurningu. Þegar sýningarröðinni var hrint af stað fyrir þremur árum var það yfirlýst stefna safnsins að hún yrði tileinkuð verkum listamanna af yngri kynslóðinni og til þessa hafa listamenn með mun skemmri feril en Katrín sýnt í salnum. Katrín, sem lauk listnámi frá Boston árið 1993, á að baki fjöldann allan af sýningum og hefur lengi verið í framlínusveit samtímaljósmyndara á Íslandi. Máski er það óttalegur sparðatíningur hjá mér að minnst á þetta, en allavega finnst mér það skjóta skökku við yfirlýsta sýningarstefnu að hafa jafn reynda listakonu og Katrínu sem hluta af sýningarröðinni í D-sal. Maður spyr sig þá hvar mörkin á þessari svokölluðu „yngri kynslóð“ enda?

Jón B.K. Ransu

Grotnandi dollarar

Árið 1995 keypti Bill Drummond, úr hljómsveitinni KLF, verk eftir listamanninn Richard Long, titlað *A Smell of Sulphur in the Wind*. Verkið sýnir texta og ljósmynd af steinhring gerðum af Long á gönguferð hans þvert yfir Ísland.

Drummond borgaði 20.000 dollara fyrir verkið, hengdi það upp í svefnherbergi sínu en varð að lokum þreyttur á því og ákvað þá að gera eigið verk, byggt á verki Long. Hann hefur ákveðið að selja verkið fyrir nákvæmlega sömu upphæð og hann keypti það á, setja upphæðina í viðarkassa sem hann ferðast með til Íslands, ganga að steinhringnum, grafa kassann í miðju hans og taka nýja mynd af hringnum sjálfur. Sú mynd mun fá nafnið *A Smell of Money Under Ground* og hanga á sama stað og mynd Long gerði á heimili Drummond.

Drummond hefur farið óvenjuleg leið í selja verk Long, hann klippti það niður í litla búta og selur nú hvern búta á 1 dollara stk. á ferðalagi um Bretland. Drummond segir að hann hafi enga hugmynd um hvenær hann selji síðasta bútin og verði ferðafær með peningakassann til Ísland til að grafa hann. En hann segist hlakka til að geta hengt *A Smell of Money Under Ground* á vegginn í svefnherberginu sínu.



Morgunblaðið/Einar Falur

Richard Long vinnur að uppsetningu verksins Hraunlínu í Gerðarsafni 1995.

Söfnin í landinu

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Þjóðbúningadagur

Sunnudaginn 14. mars kl. 14.

Ókeypiss aðgangur fyrir alla sem mæta í safnið á búning

Sunnudaginn 14. mars kl. 14:

Leiðsögn á ungversku um sýninguna Þjóð verður til

Március 14-én vasárnap 14 órákor:

Tárlatvezetés magyar nyelven az Izlandi Nemzeti Múzeumban

Opið alla daga nema mánudaga 11-17

Aðgangur ókeypis fyrir börn

www.thjodminjasafn.is – s. 530 2200

LISTASAFN ÍSLANDS

ANGURVÆÐ Í MINNI

11.3.-2.5.

LISTAMANNASPJALL sunnudaginn 14. mars kl. 14

Amelie von Wulffen, Birgir Snæbjörn Birgisson, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson, Helgi Þorgils Friðjónsson fjalla um sýninguna og ræða við safngesti.

VINNUSTAÐIR ALVÖRU KARLA

11.3.-11.4.

SAFNBÚÐ

Mikið úrval af listaverkabókum, listaverkakortum, íslenskum listmunum og gjafavörum.

Fríkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600

OPIÐ daglega kl. 11-17, lokað mánudaga

Allir velkomnir! ÓKEYPIS AÐGANGUR • www.listasafn.is



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Handritin – Saga þeirra og hlutverk um aldir.

ÍSLAND: KVIKMYNDIR 1904-2009.

Próun kvikmyndagerðar á Íslandi.

Um 100 íslenskar kvikmyndir, sem hægt er að skoða í fullri lengd.

„Íslendingar“. Ljósmyndasýning Sigurgeirs Sigurjónssonar og Unnar Jökulsdóttur. Þjóðarsálin fönguð í myndum og texta.

Póstkortaár. Vingjarnleg póstkort frá Veru og Jarþrúði til ókunnugs fólks úti í heimi.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ, Hverfisgötu 15, Reykjavík
Opið daglega kl. 11.00 -17.00. www.thjodmenning.is



LISTASAFN ÁRNESINGA Hveragerði

í samstarfi við Listasafn Íslands

ÍSLENSK MYNDLIST
hundrað ár í hnotskurn

Kaffistofa – leskró
barnahorn

OPIÐ: Fim.–sun. kl. 12-18
AÐGANGUR ÓKEYPIS
www.listasafnarnesinga.is



Listasafn Reykjanesbæjar
Ljósmyndasýningin Spegilsýnir:
Bára Kristinsdóttir, Einar Falur,
Jónatan Grétarsson,
Katrín Elvarsdóttir,
Spessi, Þórdís Erla Ágústadóttir.

Byggðasafn Reykjanesbæjar
Bátasafn Gríms Karlssonar
Opið virka daga 11.00-17.00
helgar 13.00-17.00
Aðgangur ókeypis
reykjanesbaer.is/listasafn



VÍKINGAHEIMAR
Skipið Íslendingur og
sögusýning
- Söguleg skemmtun

VÍKINGABRAUT 1
- REYKJANESBÆ
Opið alla daga
frá 11:00 til 18:00
Sími 422 2000
www.vikingaheimar.com
info@vikingaheimar.com



13. mars - 2. maí 2010
Í barnastæðum

Sunnudag 14. mars kl. 14
- Örnámskeið
og sýningarstjóraspjall kl. 15

Opið 12-17, fimmtudaga 12-21,
lokað þriðjudaga
www.hafnarborg.is
sími 585 5790
Aðgangur ókeypis